

Mannshöfuðið

Skrifað af Strandagaldur
Miðvikudagur, 09. Nóvember 2005 23:30

Sagt er það frá Galdra-Brandi í Pykkvaskógi að áður byggi hann í Laxárdal og hefði þá undir ábýlisjörð sína land undan Stóraskógi, en síðan er hann bjó í Skógi hafði hann hið sama land undir Skóg aftur.

Eitt sinn var það að smali Brands sá inn um rifu þar Brandur var í húsi einu; sá hann þá Brand ljúka upp kistu og taka úr henni upp léreftsstranga mikinn, rakti hann sundur og tók úr mannshöfuð með miklu hári, setti á kné sér, kembdi því og greiddi vandlega, las síðan yfir því þulur sínar, er sveinninn fékk ei numið; varð það þá að manni heilum. Skipaði Brandur honum að fást við gest þann að garði fór. Vissi sveinninn ei um það meira því hvergi þorði hann að fara, en það þóttist hann vita að sending Brands hefði sigráð því inn kom hún aftur, og veitt Brandur henni sama umbúnað sem áður.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar,

I. bindi, bls. 593

(eftir handriti Gísla Konráðssonar)